

Miðvikudaginn 14. marz 1956.

Nr. 33/1956. **Hálfðan Ólafsson**

gegn

h/f Skutli.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Um varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 27. febrúar þ. á., sem barst Hæstarétti 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært frávísunardóm, sem upp var kveðinn 25. febrúar þ. á. í héraðsdómsmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Þar sem varnaraðili hefur ekki krafizt málskostnaðar, verður hann ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 25. febrúar 1956.

Ár 1956, laugardaginn 25. febrúar, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni sem sjó-dómsformanni, og meðdómendum, Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Birni Helgasyni skipstjóra, upp kveðinn dómur í framan-greindu máli, sem dómtekið var 14. febrúar s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, út gefinni 15. apríl s.l., af Hálfðani Ólafssyni, Rauðar-árstíg 22, Reykjavík, gegn útgerðarfélaginu Skutli h/f, Ísafirði, til greiðslu eftirstöðva inneignar vegna vinnu á m/b Ásólfu á vetrarvertíðinni 1954. Fyrir dóminum hefur stefnandi gert þær kröfur, að hinu stefnda hlutafélagi verði gert að greiða stefnanda kr. 6200.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1954 til greiðsludags

og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Jafnframt er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Ásólf, ÍS 202, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Af hálfu stefnda er krafizt aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum stefnukröfum og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Til ýtrustu vara er þess krafizt, að stefnukröfurnar verði færðar niður til mjög verulegra muna.

Frávísunarkrafa stefnda var síðan flutt og að loknum munnlegum flutningi hennar tekin sérstaklega til úrskurðar eða dóms.

Málavextir eru þessir:

Þann 26. febrúar 1954 leitaði m/b Ásólfur hafnar hér í Hafnarfirði vegna veðurs. Matsveinn, sem þá var á bátnum, varð eftir í landi, en í stað hans réðst á skipið stefnandinn í máli þessu, Hálf-dan Ólafsson.

Var hann síðan matsveinn á skipinu til 1. apríl s.l., að hann gengur af því aftur, er það var statt í Hafnarfirði, og kom þar annar matsveinn í hans stað.

Telur stefnandi sér bera í kaup kr. 9700.00, en af því séu greiddar kr. 3500.00, en mismuninn, kr. 6200.00, telur hann sig eiga inni, og er það stefnukrafa hans í máli þessu.

Af hálfu stefnda er á það bent til stuðnings frávísunarkröfunni, að h/f Skutull eigi lögheimili og varnarþing á Ísafirði og skip félagsins, m/b Ásólfur, sé skrásett þar. Skipið hefði verið gert út frá Ísafirði, og á vertíðinni 1954 hafi aflinn ýmist verið lagður upp í Hafnarfirði eða Ísafirði. Þetta mál hefði því átt að höfða á heimili skipsins eða félagsins, Ísafirði, og hvorki 75. gr. eða niðurlagsákvæði 85. gr. laga nr. 85/1936 né önnur lög heimili stefnanda að víkja þannig frá hinum viðurkenndu varnarþingsreglum.

Stefnandi heldur aftur á móti fram, að þar sem ráðningartíminn hófst í Hafnarfirði og lauk þar og skipið lagði þar upp afla sinn, hafi verið heimilt að höfða mál þetta fyrir sjó- og verzlunardómi kaupstaðarins samkvæmt 85. gr., fyrri málslið, sbr. 86. gr. laga nr. 85/1936.

Dómurinn getur ekki fallizt á þá skoðun stefnanda, að mál þetta hafi mátt höfða fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, heimild til þess sé ekki að finna í lögum nr. 85/1936, 85. sbr. 80. gr. né öðrum greinum þeirra laga, né öðrum lögum.

Ber því að taka kröfu stefnda um frávísun máls þessa til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber og að gera stefnanda að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Guðjón Steingrímsson f. h. Hálfðanar Ólafssonar, greiði stefnda, Skutli h/f, kr. 500.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Mánudaginn 19. marz 1956.

Nr. 16/1956. Ásbjörn Magnússon (Jón Þorsteinsson hdl.)
 gegn
Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs (Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ömerking og frávísun. Réttarfarssekt. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. febrúar 1956, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar s. á. Hefur hann fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti, dags. 14. janúar 1956. Eru dómkröfur hans þær, að honum verði dæmdar bætur úr hendi stefnda að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 9. október 1954 til greiðsludags og svo málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Í héraðsstefnu 9. október 1954 tjaist áfrýjandi þurfa að höfða mál samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 27/1951 gegn ríkissjóði „til greiðslu miskabóta að mati dómara“. Telur hann, að heimild til að gera kröfu, án þess nokkur fjárhæð sé tiltekin, sé í ákvæði 88. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir, að greina skuli í stefnu „kröfur þær, sem gerðar eru, svo skýrt sem unnt er, svo sem upphæð í krónutali, skaðabætur ótiltekið eða eftir mati“. Bendir áfrýjandi sérstaklega á orðið